

Til allra sveitastjóra og bæjastjóra

Reykjavík, 29. júní 2020

Tilvísun ÞÍ: 2020061663/6.6.3

Tilvísun sendanda:


Efni: Fasteignamat 2021

Fasteignamat allra fasteigna er endurmetið 31. maí ár hvert. Þjóðskrá Íslands skal kynna sveitarfélögum og eigendum fasteigna niðurstöður endurmatsins og tekur nýtt fasteignamat gildi næsta 31. desember, sbr. 32. gr. a laga, nr. 6/2001, um skráningu og mat fasteigna. Fasteignamat skal endurspegla gangverð miðað við síðastliðinn febrúarmánuð.

Heildarmat fasteigna á Íslandi hækkar um 2,1% frá yfirstandandi ári og verður 9.429 milljarðar króna. Þetta er umtalsvert minni hækkun en tilkynnt var um fyrir ári síðan þegar fasteignamat hækkaði um 6,1% á landinu öllu. Samanlagt mat íbúða á öllu landinu hækkar um 2,3% á milli ára, þar af hækkar sérbýli um 2,2% á meðan fjölbýli hækkar um 2,4%. Fasteignamat atvinnuhúsnæðis hækkar um 1,7% á landinu öllu; um 1,6% á höfuðborgarsvæðinu en um 1,9% á landsbyggðinni.

Á neðangreindri vefslóð má finna listi þar sem fram kemur heildarfjárhæð gildandi fasteignamats og þar af landmats 2019 og heildarfjárhæð nýja matsins sem og landsmats 2020 miðað við stöðuna 31. maí sl. ásamt hlutfallsbreytingu milli ára. <https://www.skra.is/library/Skrar/fasteignamat/Sveitarfelog eftir tegundum eigna 2021.pdf>

Frekari gögn og upplýsingar um fasteignamat 2021 er að finna á vef stofnunarinnar: <https://www.skra.is/thjonusta/fasteignir/fasteignamat/2021/> Jafnframt er bent á að matstölur 2021 birtast nú í álagningarkerfi sveitarfélaga sem gerir sveitarfélögum kleift að hefja undirbúning að fjárhagsáætlun 2021.

F.h. Þjóðskrár Íslands

Margrét Hauksdóttir
forstjóri

Afrit:

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
Samband íslenskra sveitarfélaga